

Dags eftirlits	22.11.2022	Ábyrgðarmaður eftirlits	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Stykkishólmsbær	Eftirlitsmaður	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Heimili	Hafnargötu 3	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	620269 7009	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Þór Örn Jónsson	ÍSAT nr.	38.21.00
Fulltrúi fyrirtækis	Gunnar Jónsson	Staðsetning	370295,874 514886,814

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik frá kröfum starfsleyfis komu fram við eftirlit en tvær ábendingar voru settar fram er varða að gjaldtaka fyrir móttöku úrgangs er ekki hafin og að enn hefur ekki tekist að ná sýnum úr sýnatökubrunnum.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið fór fram með vísan í 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Um er að ræða urðunarstað Stykkishólmsbæjar, við Ögursveg. Staðurinn hefur leyfi til að taka á móti að hámarki 500t af óvirkum- og lífrænum úrgangi, á ári. Óheimilt er að urða almennan úrgang, aukaafurðir dýra, spilliefni, fljótandi úrgang, hjólbarða, brotajárn, ökutæki eða annan úrgang sem talinn er upp í 8. gr reglugerðar nr. 738/2003. Brennsla úrgangs er óheimil.

Boðað umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Umfang og breytingar á rekstri
- Meðhöndlun úrgangs og frágangur svæðis
- Varnir gegn mengun
- Skráningar, innra eftirlit og vöktun
- Önnur mál
- Skoðunarferð

Farið var yfir starfsleyfið og minnt á skiladaga skv. því. Ekkert frávik frá starfsleyfi kom fram í síðasta eftirliti árið 2021 og engri ábendingu var komið á framfæri til rekstraraðila. Fráviki frá árinu 2019, um starfsemi án starfsleyfis, sem enn var opið við síðasta eftirlit, hefur nú verið lokað með útgáfu nýs starfsleyfis þann 11. nóvember 2021.

Áhættumat 2022 til ákvörðunar á tíðni eftirlits skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, fylgdi fundarboði eftirlits og var það uppfært miðað við núverandi stöðu að eftirliti loknu. Engar breytingar hafa orðið á rekstrinum frá síðasta eftirliti.

Um lífinn urðunarstað er að ræða. Tekið er á móti lífrænum úrgangi frá Stykkishólmsbæ og nágretta sveitarfélögum til moltugerðar og óvirkum úrgangi frá byggingaframkvæmdum á svæðinu. Settir eru upp moltuhaugar sem blandaðir eru með stoðefnum og hrossaskít og því næst þaktir með timburkurli. Umgengni er góð á svæðinu og dagleg umsjón er á svæðinu.

Tekið var á móti 485t af úrgangi árið 2021. Rætt var um umfang staðarins í eftirlitinu og rekstraraðila bent á að þar sem móttaka úrgangs síðustu ár hefur verið alveg við leyfilegt hámark umfangs í starfsleyfi og fyrirséð er að það muni aukast frekar næstu árin, þá er ráðlagt að sækja um stækkun á starfsleyfi fyrir staðinn. Að öðrum kosti ber rekstraraðila að vísa frá þeim úrgangi sem berst til staðarins eftir að hámarks magni úrgangs hefur verið náð á staðnum, eða 500t. Gjaldtaka úrgangs inn á svæðið skv. gr. 2.8 í starfsleyfi er ekki hafin en er í undirbúningi og stefnt að því að hún hefjist um næstu áramót. Hingað til hefur gjaldið verið innifalið í almennu sorphirðugjaldi Stykkishólmsbæjar. Úrgangsstaðurinn vinnur í samvinnu við flokkunarstöð Íslenska Gámafélagsins og ef kemur til þess að óleyfilegum úrgangi er skilað inn á urðunarstaðinn þá er honum vísað í flokkunarstöðina.

Góðar skráningar eru um móttöku úrgangs.

Afrit af tryggingaskírteini vegna bráðamengunar hafs og stranda skv. gr. 2.7 í starfsleyfi hefur verið sent til eftirlitsaðila.

Gengið var um svæðið og moltuhaugar, plan og fjara neðan staðarins skoðuð. Engar ábendingar eru settar fram þar um.

ÁBENDINGAR

Ábending er sett fram um að gjaldtaka fyrir móttöku úrgangs inn á svæðið skv. gr. 2.7 í starfsleyfi, er ekki hafin, en er hún í undirbúningi.

Ábending er sett fram um að enn hefur ekki tekist að ná fram mælingum í sýnatökubrunnum skv. gr. 4.2 í starfsleyfi. Brunnar hafa verið settir upp en ekkert vatn fæst í þá til sýnatöku. Unnið er með ráðgjafa um nýja staði fyrir brunnana og sendir rekstraraðili upplýsingar um nýja staðsetningu brunnanna til eftirlitsaðila og niðurstöður sýnatöku þegar niðurstöður hennar berast.

ANNAÐ


Meðfylgjandi fundarboðinu var sniðmát áætlunar vegna rekstrarstöðvunar og er rekstraraðili beðinn um að hafa það til hliðsjónar við næstu uppfærslu áætlunarinnar. Einnig fylgdi kynning um stjórnvaldssektir og er rekstraraðili beðinn um að kynna sér hana sem og leiðbeiningar um notkun efna við hreinsun stranda og mannvirkja innan hafnarsvæðis.

Engar kvartanir hafa borist, hvorki rekstraraðila né eftirlitsaðila frá síðasta eftirliti og engin mengunaróhöpp hafa orðið frá síðasta eftirliti.

Reykjavík, 29.11.2022

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.


Guðbjörg Stella Árnadóttir